

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1974

Nr. 12.

234

28. mars 1974.

LÖG

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný mgr., er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 3. gr. laga þessara er skólaþólf, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, er það óskar, á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson,

Nr. 13.

28. febrúar 1974.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 28. febrúar 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 102/1973, um veiðar með botnvörpu,
flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A.1. 2. gr. laganna orðist þannig:

Frá línu réttvisandi norður frá Horni ($66^{\circ}27'4$ n.br., $22^{\circ}24'3$ v.lgd.) að línu réttvisandi norðaustur af Langanesi ($66^{\circ}22'7$ n.br., $14^{\circ}31'9$ v.lgd.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan grunnlínu, sem dregin er frá Horni gegnum eftirgreindra punkta: Selsker ($66^{\circ}07'5$ n.br., $21^{\circ}31'2$ v.lgd.), Ásbúðarrif ($66^{\circ}08'1$ n.br., $20^{\circ}11'0$ v.lgd.), Sigrunes ($66^{\circ}11'9$ n.br., $18^{\circ}49'9$ v.lgd.), Flatey ($66^{\circ}10'3$ n.br., $17^{\circ}50'3$ v.lgd.), Lágey ($66^{\circ}17'8$ n.br., $17^{\circ}06'8$ v.lgd.), Rauðanúp $66^{\circ}30'7$ n.br., $16^{\circ}32'4$ v.lgd.), Rifstanga ($66^{\circ}32'3$ n.br., $16^{\circ}11'8$ v.lgd.), Hraunhafnartanga ($66^{\circ}32,2$ n.br., $16^{\circ}01'5$ v.lgd.), Langanes ($66^{\circ}22'7$ n.br., $14^{\circ}31'9$ v.lgd.).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 26. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Láðvík Jósepsson.